

BORGARRÁÐ 17. FEBRÚAR 2026: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um þvott og sópun stofnbrauta - MSS26020084

Borgarráð samþykkir að ráðast í þvott og sópun stofnbrauta í eigu Reykjavíkurborgar án tafar. Jafnframt verði umhverfis- og skipulagssviðið falið að útfæra verklag vegna götuhreinsana yfir vetrartímann í Reykjavík. Þjónustuhandbók um vetrarþjónustu verði uppfærð með það fyrir augum að götuhreinsanir verði hluti vetrarþjónustu borgarinnar en þegar vetur er snjóléttur er mikilvægt að götur séu hreinsaðar svo draga megi úr svifryksmengun í andrúmslofti.